

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Norðurþings, nr. 670/2022.

1. gr.

Við samþykktina bætast eftirfarandi nýir viðaukar um fullnaðarafgreiðslu ráða, stjórna, nefnda og starfsmanna sveitarfélagsins án staðfestingar sveitarstjórnar, með vísan til 73. gr. samþykktarinnar, sem birtir eru með samþykkt þessari:

Viðauki 1.1. Almenn skilyrði valdframsals.

Viðauki 1.2. Skipulags- og framkvæmdaráð.

Viðauki 1.3. Fjölskylduráð.

Viðauki 1.4. Byggðarráð.

Viðauki 1.5. Fullnaðarafgreiðsla stjórnenda í stjórnarsýslu sveitarfélagsins.

Viðauki 1.6. Embættisafgreiðslur fjármálastjóra.

Viðauki 1.7. Embættisafgreiðslur félagsmálastjóra.

Viðauki 1.8. Embættisafgreiðslur fræðslufulltrúa.

Viðauki 1.9. Embættisafgreiðslur sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs.

Viðauki 1.10. Embættisafgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa.

2. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Norðurþings hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 5. desember 2023.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Ólöf Sunna Jónsdóttir.

VIÐAUKI 1.1

1. gr.

Almenn skilyrði valdframsals.

Um almenn skilyrði til framsals á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála er vísað til 38. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Norðurþings.

Starfsmaður sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu eða þriðjungur hlutaðeigandi nefndar eða ráðs sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu, getur ávallt óskað eftir því að sveitarstjórn taki ákvörðun í máli.

Ákvarðanir sem fela í sér fullnaðarákvörðun um mál, skv. viðauka þessum, koma til kynningar innan stjórnarsýslu sveitarfélagsins með eftirfarandi hætti:

Fundargerðir skipulags- og framkvæmdaráðs eru kynntar í sveitarstjórn.

Fundargerðir fjölskylduráðs eru kynntar í sveitarstjórn.

Fundargerðir byggðarráðs eru kynntar í sveitarstjórn.

Fundargerðir Orkuveitu Húsavíkur ohf. eru kynntar í sveitarstjórn.

Fundargerðir stjórnar hafnasjóðs eru kynntar í sveitarstjórn starfi slík stjórn sérstaklega.

2. gr.

Endurupptaka ákvarðana, birting og leiðbeiningar.

Eftir að starfsmaður, stjórn eða ráð hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst

verulega frá því að ákvörðun var tekin, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga. Endurupptaka er að jafnaði heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til byggðarráðs.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gæta að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

VIÐAUKI 1.2

Skipulags- og framkvæmdaráð.

1. gr.

Skipulags- og framkvæmdaráð afgreiðir eftirtalin verkefni samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 án staðfestingar sveitarstjórnar, sbr. 2. mgr. 6. gr. skipulagslaga:

1. Afgreiðsla umsókna um framkvæmdaleyfi matsskyldra framkvæmda skv. 14. gr. skipulagslaga.
2. Ákvörðun um að unnin sé tillaga að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi með vísan til 38. gr. skipulagslaga.
3. Samþykkt og kynning skipulagslýsingar samkvæmt ákvæðum, sbr. 1.-3. mgr. 40. gr. skipulagslaga.
4. Ákvörðun um að auglýsa deiliskipulagstillögu.
5. Skipulags- og framkvæmdaráð tekur afstöðu til framkominna athugasemda við deiliskipulagstillögu og hvort gera þurfi breytingar á henni. Skipulags- og framkvæmdaráð afgreiðir greinargerð með rökstuðningi við endanlega afgreiðslu.
6. Hafi Skipulagsstofnun gert athugasemdir við afgreiðslu skipulags- og framkvæmdaráðs á deiliskipulagstillögu, skal skipulags- og framkvæmdaráð fjalla um málið og gera tillögu að nauðsynlegum breytingum, eða færa rökstudda grein fyrir ástæðum þess að skipulags- og framkvæmdaráð fallist ekki á athugasemdir Skipulagsstofnunar.
7. Ákvörðun um og samþykkt óverulegra breytinga á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga.
8. Ákvörðun samkvæmt 44. gr. skipulagslaga vegna umsókna um byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við aðalskipulag en deiliskipulag liggur ekki fyrir ef framkvæmdin er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar.
9. Ákvörðun um heiti á götum, vegum og torgum samkvæmt 47. gr. skipulagslaga.
10. Skipulags- og framkvæmdaráð gerir tillögur til sveitarstjórnar að umferðarhraða og öðrum öryggisráðstöfunum í umferðaröryggisáætlun að fenginni umsögn lögreglu og/eða annarra hagsmunaaðila.
11. Ákvarðanir samkvæmt 48. gr. skipulagslaga um skiptingu landa og lóða.
12. Ákvörðun um hvort að við útgáfu á framkvæmda- eða byggingarleyfi sé heimilt að víkja frá kröfum um breytingu á deiliskipulagi eða grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávik er að ræða að hagsmunir nággranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn, sbr. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga.
13. Afgreiðir tillögu um deiliskipulag ef fallist er á allar athugasemdir Skipulagsstofnunar um form deiliskipulagstillögu skv. 5. ml. 1. mgr. 41. gr. laganna.
14. Afgreiðsla umsókna um framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga.
15. Ákvarðanir sem vísa til sveitarstjórnar samkvæmt X. kafla skipulagslaga um þvingunarúrræði og viðurlög, s.s. að staðfesta stöðvun skipulagsfulltrúa á framkvæmdum sem hafnar eru án framkvæmdaleyfis, framkvæmdaleyfi brýtur í bága við skipulag eða það er fallið úr gildi. sbr. 53. gr. skipulagslaga og ákvarðanir um dagsektir, sbr. 54. gr.

2. gr.

Skipulags- og framkvæmdaráð afgreiðir eftirtalin verkefni laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 án staðfestingar sveitarstjórnar:

1. Veitir umsögn um matsskyldar framkvæmdir skv. 5. gr. laganna og veitir umsögn um framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum og tilgreindar eru í flokki B í 1. viðauka laganna, sé þess óskað.
2. Tekur ákvörðun samkvæmt 6. gr. laganna um hvort framkvæmd sem háð er framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um mannvirki og tilgreind eru í flokki C í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, skulu háð mati á umhverfisáhrifum.

3. gr.

Skipulags- og framkvæmdaráð afgreiðir eftirfarandi án staðfestingar sveitarstjórnar:

1. Veitir umsagnir samkvæmt 6. gr. jarðalaga nr. 81/2004, varðandi sameiningu jarða.
2. Afgreiðir umsagnir og önnur verkefni sem varða sveitarstjórn samkvæmt ákvæðum laga nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Skipulags- og framkvæmdaráð skal því m.a. veita umsagnir, skv. 10. og 17. gr. laganna.
3. Tekur ákvarðanir sem sveitarstjórn skal taka samkvæmt lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. að frátalinni ákvörðun um staðfestingu fjallskilasamþykktar, sbr. 3. gr. laganna.
4. Tekur ákvarðanir sem sveitarstjórn skal taka samkvæmt lögum nr. 38/2013 um búfjárhald, að frátöldum ákvörðunum samkvæmt 4. gr. um takmörkun búfjárhalds.

4. gr.

Skipulags- og framkvæmdaráði er heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem heyra undir ráðið skv. undirlið 2.1 í B-lið 53. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Norðurþings sem ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur innan ráðsins um ákvörðunina. Verði ágreiningur um afgreiðslu mála í skipulags- og framkvæmdaráði fer málið til afgreiðslu í sveitarstjórn og ber forseta að taka það þar til sérstakrar afgreiðslu.

5. gr.

Verkefni skipulags- og framkvæmdaráðs eru m.a. eftirfarandi:

1. Byggðarráð úthlutar fjárhagsramma til ráðsins í samræmi við samþykktan fjárhagsramma sveitarstjórnar fyrir næsta fjárhagsár. Skipulags- og framkvæmdaráð gerir starfsáætlun í samræmi við úthlutaðan fjárhagsramma fyrir næsta starfsár vegna málaflokka sinna.
2. Tillögur um breytingar á þjónustu eða gjaldskrá skal skýra og rökstyðja sérstaklega og þurfa samþykki sveitarstjórnar.
3. Sviðsstjóri leggur fram í ráðinu tillögur að fjárhagsáætlunum málaflokka ráðsins, í samstarfi við fjármálastjóra, sem ráðið skal meta og staðfesta að sé í samræmi við starfsáætlun og markaða stefnu.
4. Hefur frumkvæði að gerð þróunaráætlana og gerir tillögur til sveitarstjórnar um skipulagsáætlanir og breytingar á þeim.
5. Gerir tillögur um reglur og gjaldskrár sem heyra undir ráðið, gatnagerða- og þjónustugjöld og um úthlutun lóða.
6. Gerir tillögu til sveitarstjórnar um úthlutun á lóðum til byggingar íbúða og atvinnuhúsnæðis í sveitarfélaginu.
7. Fjallar um ábendingar og athugasemdir sem berast vegna þjónustunnar á sviði ráðsins.
8. Fer yfir tillögur stjórnenda að fjárhagsáætlun hvers árs; hvað varðar þá liði sem falla undir verksvið ráðsins og gæta þess í ákvörðunum sínum að halda áætlanir þegar að framkvæmdum kemur; ráðið tilnefnir tvo fulltrúa í svæðisskipulagsnefnd háhitasvæða í Þingeyjarsýslum.
9. Er sveitarstjórn að öðru leyti til ráðuneytis í skipulags-, byggingar-, umhverfis- og framkvæmdamálum.

1. gr.

Fjölskylduráði er heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem heyra undir ráðið skv. undirlið 1.1 í B-lið 53. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Norðurbings sem ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur innan ráðsins um ákvörðunina. Verði ágreiningur um afgreiðslu mála sem fjölskylduráð hefur heimild til að afgreiða með fullnaðarafgreiðslu fer málið til afgreiðslu í sveitarstjórn og ber forseta að taka það þar til sérstakrar afgreiðslu.

1. Fjölskylduráði er heimilt að staðfesta samninga viðskipta- og fjárhagslegs eðlis ef þeir rúmast innan ramma fjárhagsáætlunar ársins, svo og að staðfesta samninga sem snúa að kaupum á föstum þjónustubáttum þó samið sé til lengri tíma.
2. Bygðarráð úthlutar fjárhagsramma til ráðsins í samræmi við samþykktan fjárhagsramma sveitarstjórnar fyrir næsta fjárhagsár. Fjölskylduráð gerir starfsáætlun í samræmi við úthlutadán fjárhagsramma fyrir næsta starfsár vegna málaflokka sinna. Tillögur um breytingar á þjónustu sem kalla á aukin fjárútlát eða breytingu á gjaldskrá skal skýra og rökstyðja sérstaklega og þurfa þau samþykki sveitarstjórnar.
3. Sviðsstjóri leggur fram í ráðinu tillögur að fjárhagsáætlunum málaflokka ráðsins í samstarfi við fjármálastjóra, sem ráðið skal meta og staðfesta að séu í samræmi við starfsáætlun og markaða stefnu.

VIÐAUKI 1.4

Bygðarráð.

1. gr.

Sveitarstjórn veitir bygðarráði heimild til fullnaðarákvörðunar um lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins og sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess, sbr. 5. og 6. tölul. 1. mgr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga, enda sé ekki um verulega fjárhagslega hagsmuni að ræða og ákvörðun rúmast innan fjárhagsáætlunar til eins árs og áætlunar til fjögurra ára, eigi hún við. Bygðarráð úrskurðar um heimild til endurupptöku mála skv. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Bygðarráði er heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur innan ráðsins eða við sveitarstjóra um ákvörðunina. Verði ágreiningur um afgreiðslu mála í bygðarráði fer málið til afgreiðslu í sveitarstjórn og ber forseta að taka það þar til sérstakrar afgreiðslu. Bygðarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka skv. fjárhagsáætlun. Meðan sveitarstjórn er í leyfi fer bygðarráð með sömu heimildir og sveitarstjórn hefur ella. Sveitarstjórn getur falið bygðarráði fullnaðarafgreiðslu mála, nema lög mæli á annan veg.

VIÐAUKI 1.5

Fullnaðarafgreiðsla stjórnenda í stjórnarsýslu sveitarfélagsins.

1. gr.

Stjórnendur sveitarfélagsins fara með ráðningarvald annarra starfsmanna án staðfestingar sveitarstjórnar. Heimildir þeirra eru nánar skilgreindar í erindisbréfum fagraða, sbr. 58. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Mál sem stjórnendur afgreiða skv. 1. gr. skulu kynnt bygðarráði með skriflegri skýrslu a.m.k. einu sinni á ári.

VIÐAUKI 1.6

Embættisafgreiðslur fjármálastjóra.

1. gr.

Fjármálastjóri afgreiðir, án staðfestingar sveitarstjórnar, mál sem honum berast og upp eru talin í þessari grein skv. 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 58. gr. samþykktar þessarar:

1. Umsóknir um afslátt af fasteignaskatti samkvæmt reglum um afslátt af fasteignaskatti, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.
2. Erindi sem send eru til byggðarráðs til umsagnar, kynningar eða meðferðar einstakra nefnda, ráða, embættismanna eða aðila utan Norðurþings.

2. gr.

Fjármálastjóra er heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. gr. til afgreiðslu byggðarráðs ef ætla má að aðili máls sæti ekki niðurstöðu málsins eða ef lög, reglur eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

3. gr.

Mál sem fjármálastjóri afgreiðir skv. 1. gr. skulu kynnt byggðarráði með skriflegri skýrslu a.m.k. einu sinni á ári.

VIÐAUKI 1.7

Embættisafgreiðslur félagsmálastjóra.

1. gr.

Félagsmálastjóri afgreiðir, án staðfestingar sveitarstjórnar, mál sem honum berast og upp eru talin í þessari grein skv. 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 58. gr. samþykktar þessarar:

- a. Umsóknir um fjárhagsaðstoð samkvæmt IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglum sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.
- b. Umsóknir um leiguhúsnæði skv. lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 samkvæmt reglum sveitarfélagsins.
- c. Umsóknir um sérstakan húsnæðisstuðning skv. 2. mgr. 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
- d. Umsóknir um stoð-, stuðnings- og heimaþjónustu skv. reglum sveitarfélagsins.
- e. Umsóknir um búsetu fyrir fatlað fólk.
- f. Umsóknir um ferliþjónustu skv. reglum um ferliþjónustu.
- g. Umsóknir um stoðþjónustu skv. 8. og 10. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- h. Umsóknir um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna er varðar 1. mgr. 20. gr. laga nr. 86/2021.

2. gr.

Félagsmálastjóra er heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. gr. til afgreiðslu fjölskylduráðs ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu málsins eða ef lög, reglur eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

3. gr.

Mál sem starfsmenn afgreiða skv. 1. gr. skulu kynnt fjölskylduráði með skriflegri skýrslu a.m.k. einu sinni á ári.

4. gr.

Aðila máls skal leiðbeint um rétt sinn til að skjóta málinu til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. barnaverndarlög nr. 80/2002 og um kærufrest, ef um kæránlega ákvörðun er að ræða.

VIÐAUKI 1.8
Embættisafgreiðslur fræðslufulltrúa.

1. gr.

Fræðslufulltrúi afgreiðir, án staðfestingar sveitarstjórnar, mál sem honum berast og upp eru talin í þessari grein skv. 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 58. gr. samþykktar þessarar:

- a. Ráðningar skólastjóra.
- b. Að staðfesta skólanámskrá einstakra skóla.
- c. Að stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.
- d. Áætlanir um mannaflapörf leik- og grunnskóla í samráði við skólastjórnendur.
- e. Samninga til eins árs sem eru í samræmi við starfsáætlun ráðsins.
- f. Leyfi fyrir skólavist í öðrum sveitarfélögum skv. reglum sveitarfélagsins þar um.
- g. Leyfi fyrir skólavist nemenda í skólum Norðurþings sem eiga lögheimili utan sveitarfélagsins.
- h. Leyfi fyrir rannsóknnum í skólum.
- i. Umsóknir um launalaus leyfi.
- j. Umsóknir um leikskólavist.
- k. Leyfi fyrir leikskólavist í öðrum sveitarfélögum.
- l. Leyfi fyrir leikskólavist í leikskólum Norðurþings fyrir börn sem eiga lögheimili utan sveitarfélagsins.

2. gr.

Fræðslufulltrúa er heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. gr. til afgreiðslu fjölskylduráðs ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu málsins eða ef lög, reglur eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

3. gr.

Mál sem starfsmenn afgreiða skv. 1. gr. skulu kynnt fjölskylduráði með skriflegri skýrslu a.m.k. einu sinni á ári.

VIÐAUKI 1.9
Embættisafgreiðslur sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs.

1. gr.

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs afgreiðir án staðfestingar sveitarstjórnar, mál sem honum berast og upp eru talin í þessari grein skv. 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 58. gr. samþykktar þessarar:

- a. Erindi sem send eru til umsagnar, kynningar eða meðferðar innan sviðs, nefnda eða ráða Norðurþings.
- b. Húsaleigusamninga Eignasjóðs og félagslegra íbúða.

2. gr.

Sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs er heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. gr. til afgreiðslu skipulags- og framkvæmdaráðs ef ætla má að aðili máls uni ekki niðurstöðu málsins eða ef lög, reglur eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

3. gr.

Mál sem starfsmenn afgreiða skv. 1. gr. skulu kynnt skipulags- og framkvæmdaráði með skriflegri skýrslu a.m.k. einu sinni á ári.

VIÐAUKI 1.10
Embættisafgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa.

1. gr.

Skipulags- og byggingarfulltrúi afgreiðir án staðfestingar skipulags- og framkvæmdaráðs, mál sem upp eru talin í þessari grein og falla undir skipulagslög nr. 123/2010 og skilgreind eru sem verk-efni sveitarstjórna í lögunum, sbr. 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 58. gr. samþykktar þessarar:

- a. Framlengir frest til að gera athugasemdir við auglýstar eða grenndarkynntar tillögur.
- b. Leitar eftir umsögnum viðeigandi umsagnaraðila áður en tekin er afstaða til útgáfu framkvæmdaleyfis, sbr. 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga.
- c. Gefur út framkvæmdaleyfis skv. 13. gr. skipulagslaga fyrir framkvæmdir sem eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.
- d. Stöðvar framkvæmd sem hafin er án þess að framkvæmdaleyfi sé fengið fyrir henni, framkvæmdaleyfi brýtur í bága við skipulag, er fallið úr gildi eða framkvæmd er í ósamræmi við útgefið framkvæmdaleyfi eða skilyrði þess. Einnig getur skipulags- og byggingarfulltrúi krafist þess að hin ólöglega framkvæmd sé fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt. Sinni framkvæmdaaðili ekki þeirri kröfu er heimilt að framkvæma slíkar aðgerðir á hans kostnað, sbr. 53. gr. skipulagslaga.
- e. Álagning dagsekta, með þriggja mánaða fyrirvara, á framkvæmdaleyfishafa hafi framkvæmdaleyfisskyld framkvæmd stöðvast í tvö ár, sbr. 3. mgr. 15. gr. skipulagslaga. Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt að beita dagsektum til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt skipulagslögum eða láta af atferli sem er ólögmaett, sbr. 1. mgr. 54. gr. skipulagslaga,
- f. Framsendir, vísar frá eða synjar erindum sem beint er til um skipulags- og framkvæmdaráðs og eru bersýnilega í ósamræmi við skipulagsáætlanir.
- g. Eftirlit með mannvirkjagerð, sbr. 1. mgr. 8. gr. og 1. og 2. mgr. 9. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.
- h. Útgáfa byggingarleyfis, að uppfylltum skilyrðum laga og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra, úthlutunar- og skipulagsskilmálum.

2. gr.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. gr. til afgreiðslu skipulags- og framkvæmdaráðs ef ætla má að aðili máls muni ekki una niðurstöðu málsins eða ef lög, reglur eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

3. gr.

Mál sem skipulags- og byggingarfulltrúi afgreiðir skv. 1. gr. skulu kynnt skipulags- og framkvæmdaráði með skriflegri skýrslu a.m.k. einu sinni á ári. Afgreiðslur byggingarfulltrúa skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi skipulags- og framkvæmdaráðs og bókaðar í fundargerð.

4. gr.

Um afgreiðslu skipulags- og byggingarfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010, ákvæði reglugerða settra á grundvelli laganna og samþykktir Norðurþings, ef við á.

5. gr.

Aðila máls skal leiðbeint um rétt sinn til að skjóta máli til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. lög um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011, og um kærufrest, ef um kæranalega ákvörðun er að ræða.